

7% ársvöxtum frá 13. júlí 1970 til og með 15. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. desember 1975.

Nr. 65/1974. **Sverrir Georgsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Vinnuvélum s/f og

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Bifreiðar. Vátrygging. Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. mars 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt 2.000.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að stefndi Vinnuvélar s/f verði einn dæmdur til að greiða honum 5.127.337 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1968 til greiðsludags. Enn fremur krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi beggja stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði til málssóknar á hendur stefnda Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómj með bréfum dómsmálaráðuneytis 17. desember 1974 og 11. desember 1975.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þeir gera ekki kröfur um málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Eins og rakið er í héraðsdómi, slasaðist áfrýjandi, þegar lyftiarmur bifreiðarinnar A 861 féll á hann. Bifreiðin var þá kyrrstæð á vinnusvæðinu og hreyfill hennar ekki í gangi, en áfrýjandi og samstarfsmenn hans unnu að því að stytta arminn. Bifreiðin var því ekki í notkun, er slysið varð. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 1. gr. laga nr. 40/1968 getur áfrýjandi ekki reist kröfur sínar til skaðabóta á ákvæðum 67. gr. og 69. gr. þeirra laga. Af sömu ástæðum er ekki hald í kröfum áfrýjanda á hendur stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f sem vátryggjanda bifreiðarinnar samkvæmt 70. gr. sömu laga. Áfrýjandi hefur eigi leitt sönnur að því, að slysið hafi orðið fyrir nein þau atvik, sem annars leiði til skaðabótaábyrgðar fyrir stefnda Vinnuvélar s/f gagnvart honum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. júní 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. júní sl., hefur Sverrir Georgsson, Þórunnarstræti 125, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnum, útgefnum 7. febrúar 1973, á hendur Vinnuvélum s/f, Akureyri, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík.

Krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða

honum skaðabætur að fjárhæð kr. 7.127.337 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins. Þar af er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á kr. 2.000.000, en stefndi Vinnuvélar s/f einn dæmdur til greiðslu eftirstöðvanna.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 21. júlí 1968 vann stefnandi ásamt bróður sínum, Guðmundi Georgssyni, og syni sínum Kristni, 17 ára að aldri, að því að stytta bómu kranabifreiðarinnar A 861, þar sem hún stóð á bersvæði nálægt Sandvík í Glerárþorpi á Akureyri, og var aflvél hennar ekki í gangi. Kranabifreiðin var eign stefnda Vinnuvéla s/f, sameignarfélags stefnanda og bróður hans, Guðmundar Georgssonar, að hálfu til hvors.

Krana þeim, er hér um ræðir, var komið fyrir á bifreiðinni aftan við stjórnhús hennar, og var hann knúinn með sérstakri aflvél.

Bóma kranans, sem stytta átti, var samsett úr fjórum hlutum, sem boltaðir voru saman með fjórum boltum á hornunum. Bómunni var slakað niður og hún látin hvíla á járnbúkkka, sem komið var fyrir undir næstfremsta hluta bómunnar, rétt framan við miðju hans. Síðan var fremsti hluti bómunnar tekinn af, og var við það verk notuð vörubifreið með lyftikrana. Síðan átti að taka næsta stykki úr bómunni á sama hátt. Slegið var stroffu á stykkið, og átti að hífa í hana með áðurgreindu lyftitæki vörubifreiðarinnar og færa síðan járnbúkkann undir næsta stykki neðan við á bómunni. Er búið var að slá stroffunni á bómuna, fór Guðmundur inn í vörubifreiðina til að hífa í hana, en stefnandi kom sér fyrir undir bómunni við samskeytin. Áður en Guðmundur hafði híft í stroffuna, sló stefnandi tvo neðri boltana úr samskeytunum með þeim afleiðingum, að bóman seig niður um samskeytin, en tveir boltar á efri hluta samskeytanna, sem eftir voru, mynduðu eins konar hjarir á samskeytin. Þegar bóman seig niður, lenti hún á stefnanda, sem var hálfboginn að vinnu sinni undir henni. Við það skaddaðist hryggur hans og mæna með þeim afleiðingum, að hann er lamaður neðan miðju og hefur átt við mikla vanheilsu að stríða síðan og er af lækni metinn 100% öryrki. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna slyss þessa og sundurliðar tjón sitt þannig:

1. Áætlað vinnutekjutap	kr. 6.021.126
2. Bætur vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum	— 2.000.000
3. ÷ örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt mati	— 893.789

Alls kr. 7.127.337

Féðbótaábyrgð stefndu rökstyður stefnandi þannig:

Samkvæmt 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sé þeim, sem ber ábyrgð á skráningarskyldu ökutæki, skylt að bæta tjón, sem hlýst á mönnum af ökutækinu. Ábyrgð eiganda ökutækisins sé hlutlæg, sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Eigandi A 861 hafi verið Vinnuvélar s/f, sameign stefnanda og bróður hans Guðmundar. Krani sá, er stefnandi vann við, sé hluti hins vélknúna ökutækis, en af hans völdum hafi tjón stefnanda orðið. Slys það, er stefnandi varð fyrir, sé því af hálfu stefnda Vinnuvéla s/f bótaskyldt samkvæmt framangreindri reglu.

Bifreiðin hafi verið ábyrgðartryggð hjá stefnda Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f og samkvæmt váttryggingarskirteininu ná ábyrgðartryggingin til notkunar kranabifreiðar.

Sé þar um að ræða rýmkaða váttryggingarskilmála, sem beri að skýra á þann veg, að notkun ná til hvernar athafnar, sem lýtur að krana bifreiðarinnar. Hinir sérstæðu hættueiginleikar kranabifreiðarinnar hljóti að ná til hvernar þeirrar notkunar krana hennar, sem leitt hafi til tjóns, og gildi þá fyrirnefnd regla 67. gr. umferðarlaga óskorað og leiði þetta af hinni hlutlægu meginreglu. Í þessu tilviki hafi verið unnið að styttingu kranans og séu hættueiginleikar tækisins jafnmiklir, þótt vélar þess séu ekki í gangi.

Váttryggingarupphæð bifreiðarinnar hafi verið kr. 2.000.000 og beri stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f sólídaríska ábyrgð með stefnda Vinnuvélum s/f að því marki.

Meta beri starfsmönnum Vinnuvéla s/f til stórfellds gáleysis, að eigi voru við hafðar fullkomnari aðferðir við verkið en raun var á, og beri því stefndi Vinnuvélar s/f féðbótaábyrgð á eftirstöðvum kröfunnar samkvæmt almennum skaðabótareglum, en eigin sök stefnanda komi ekki til álita í málinu.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína þannig:

Ljóst sé, að slys stefnanda hafi ekki stafað af notkun bifreiðarinnar, er kraninn var festur við. Bifreiðin hafi staðið kyrr, afl-

vél hennar hafi ekki verið í gangi og slysið ekki staðið í neinu sambandi við hættueiginleika bifreiðarinnar. Eigi því 67. gr. umferðarlaga alls ekki við í þessu máli.

Þá mótmæla stefndu því, að um sé að ræða rýmkaða váttryggingarskilmála fyrir bifreiðina sem kranabifreið, þannig að trygging bifreiðarinnar taki til ábyrgðar á notkun krana, sem við hana kann að vera festur. Stefndi Vinnuvélar s/f hafi keypt lögboðna ábyrgðartryggingu samkvæmt 70. gr. umferðarlaga fyrir kranabifreið sína hjá meðstefnda. Váttryggingunni hafi verið ætlað nákvæmlega það hlutverk, sem lögin gera ráð fyrir, hvorki meira né minna, og við það verði stefnandi að setta sig.

Ef samt sem áður yrði á rökstuðning stefnanda fallist, væru stefndu allt að einu ekki bótaskyldir samkvæmt 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga, sem segir, að lækka megi fébætur eða jafnvel láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur, en stefnandi sé hvort tveggja. Hann hafi valdið slysinu með ógætni sinni og átt tækið, sem hann vann við. Hann hafi vissulega orðið fyrir tjóni, en bótakröfunni beini hann í raun rétttri að sjálfum sér og það valdi því, að krafan nær ekki að stefnast samkvæmt grunnreglum kröfuréttar, a. m. k. hvað snerti eignaraðild hans að Vinnuvélum s/f.

Yrði ekki á framangreint fallist, sé samt eftir meginástæðan, hið stórkostlega gáleysi stefnanda, er hann losaði neðri boltana fyrst úr bómunni. Þessi ógætni sé svo mikil, að nægja mundi til að láta bætur alveg falla niður.

Eins og að framan er rakið, var aflvél bifreiðarinnar A 861 ekki í gangi, þegar slysið varð, og bifreiðin var á engan hátt notuð við verk það, er unnið var að, heldur var önnur bifreið til þess notuð. Kraninn, sem unnið var við, var heldur eigi notaður við verkið, heldur var hann beinlínis andlag verksins. Það verður því á engan hátt talið, að tjónið hafi hlotist af notkun kranabifreiðarinnar, sbr. 67. gr. og 68. gr. umferðarlaga.

Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f.

Eins og að framan er rakið, eru stefnandi og stefndi Guðmundur Georgsson sameigendur Vinnuvéla s/f og bera óskipta ábyrgð á skuldbindingum þess. Þeir hafa báðir borið, að stefnandi hafi stjórnað verkinu í greint sinn og að Guðmundur hafi komið þar fram sem aðstoðarmaður hans. Kveðst stefnandi hafa gefið Guðmundi fyrirmæli um, hvernig verkið skyldi unnið. Ekki er annað fram komið en að Guðmundur hafi hagað sér í samræmi við fyrir-

mæli stefnanda við verkið. Ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að bilun í tækjum hafi orsakað slysið. Guðmundur Georgsson skýrir svo frá, að þeir bræður hafi verið búnir að vinna svona verk undanfarin 12 ár og aldrei hafi neitt slys hent fyrr. Þeir hafi styt og lengt bómuna á sama hátt að öðru leyti en því, að efri boltarnir voru alltaf slegnir úr fyrst.

Með því að slá neðri boltana úr samskeytunum án þess að ganga fyrst úr skugga um, að búið væri að hífa í stroffuna til að halda bómunni uppi, þykir stefnandi hafa sýnt af sér mikið gáleysi, en samkvæmt myndum af bómunni, sem teknar voru eftir slysið og frammi liggja í málinu, gat augljóslega ekki hjá því farið, að bóman sigi niður um samskeytin, ef ekki var búið að hífa í stroffuna, áður en boltarnir voru slegnir úr, en stefnanda átti að vera þetta fyllilega ljóst, einkum þar sem hann að eigin sögn hafði unnið á krönum að staðaldri síðan 1956—1967.

Að öllu framangreindu athuguðu þykir stefnandi ekki hafa við neinn annan að sakast um tjón sitt en sjálfan sig og verður því að bera það sjálfur.

Verður því samkvæmt framansögðu einnig að sýkna stefnda Vinnuvélar s/f af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og öllum atvikum er háttað að máli þessu, þykir ekki óeðlilegt, að stefnandi leitaði dóms um réttarstöðu sína. Með þessari athugasemd þykir eftir atvikum rétt, að aðiljar málsins beri hver sinn kostnað af því.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 6. desember 1972, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu. Þykir gjafsóknarkostnaður stefnanda hæfilega ákveðinn kr. 80.000 og greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður talsmaður hans, Ásmundur S. Jóhannsson héraðsdómslögmaður, kr. 50.000.

Dómsorð:

Stefndu, Vinnuvélar s/f og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Sverris Georgssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 80.000, greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður talsmaður hans, Ásmundur S. Jóhannsson héraðsdómslögmaður, kr. 50.000.